

ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. marz 1959.*

**Friðjón Skarphéðinsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

2. gr.

Töluliðir 6, 7, 8, 9, 10, 14, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

- 42 7. svæði: Hafnarfjörður  
 23. marz 1. janúar—15. maí  
 1. september—31. desember
8. svæði: Reykjavík  
 1. janúar—15. maí  
 1. september—31. desember
9. svæði: Akranes  
 1. janúar—15. maí  
 1. september—31. desember
10. svæði: a. Hellissandur  
 1. janúar—15. maí  
 b. Rif  
 1. janúar—15. maí  
 1. október—31. desember  
 c. Ólafsvík  
 1. janúar—15. maí  
 1. október—31. desember
14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður  
 1. febrúar— 31. maí  
 1. október—15. desember
15. svæði: Arnarfjörður  
 1. janúar—15. maí  
 1. október—15. desember
25. svæði: Ólafsfjörður  
 1. marz—30. nóvember
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík  
 1. apríl—15. desember
30. svæði: Vopnafjörður  
 1. júní—31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður  
 1. febrúar—31. maí  
 1. júní—30. nóvember

## 3. gr.

- Töluliðir 6, 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:
6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar  
 15. febrúar—11. maí  
 1. september—31. desember
8. svæði: Reykjavík  
 15. febrúar—11. maí  
 1. september—31. desember
10. svæði: Hornafjörður  
 1. marz—11. maí

## 4. gr.

- Töluliðir 22, 25, 27, 30, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:
22. svæði: Steingrímsfjörður  
 15. júlí—31. október
25. svæði: Hofsós  
 15. apríl—15. nóvember
27. svæði: Ólafsfjörður  
 1. apríl—30. nóvember

30. svæði: a. Húsavík  
1. apríl—15. nóvember  
b. Flatey  
1. apríl—15. nóvember
34. svæði: Vopnafjörður  
15. maí—31. október
43. svæði: Þorlákshöfn  
1. marz—11. maí

42

23. marz

## 5. gr.

Staflíður g. í 3. gr. færast aftur og verði staflíður h, en nýr staflíður g. orðist svo:  
g. Fyrir skip í XVI. og XVII. flokki

1. svæði: Berufjörður—Ingólfshöfði  
1. marz—31. maí
2. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg  
1. marz—31. maí
3. svæði: Dyrhólaey—Langanes (vestur um land)  
1. júní—30. september

## 6. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 132 4. október 1958 og reglugerð nr. 5 21. janúar 1959, báðar um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutaftryggingasjóðs bátaútvegsins.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutaftryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 23. marz 1959.*

**Emil Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 224 26. okt. 1950, um síldveiðideild  
hlutaftryggingasjóðs bátaútvegsins.

43

23. marz

## 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót, hringnót og reknet.

## 2. gr.

3. grein orðist svo:

Veiðisvæði sumarsíldveiða skal vera eitt fyrir allt landið fyrir þau skip, sem veiða með herpinót eða hringnót. Bótasvæði fyrir síldveiðiskip, sem veiðar stunda með reknetjum, skal ná frá Dyrhólaey að Hornbjargi.

Bótatímabil er tvö:

Frá 15. maí til 30. september og  
frá 1. október til 22. desember.